

**1979 nr. 14 4. apríl**  
**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu**

Tóku gildi 3. maí 1979. Breytt með l. 47/1990 (tóku gildi 31. maí 1990 nema 14. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 1991), l. 57/1995 (tóku gildi 1. júní 1995) og l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003).

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengun-

ar og alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með lögum þessum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá Stjóttíð. A 1979, bls. 32–93.

■ **2. gr.** Þegar samningarnir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningum þessum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

■ **4. gr.** [Ráðherra umhverfismála]<sup>1)</sup> fer með mál er varða samninga þessa. [Umhverfisstofnun]<sup>2)</sup> skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samninganna.

<sup>1)</sup> L. 47/1990, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 164/2002, 13. gr.

■ **5. gr.** Brot á ákvæðum samninga þessara varða sektum.